

Tillaga til 28. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

Frá stjórn LS til allsherjarnefndar

Landssamband smábátæigenda beinir þeirri eindregnu áskorun til handfæraveiðimanna að þeir leggist ekki í smáporsk upp í fjörum.

Greinargerð.

Síðasta sumar gerðist nokkrum sinnum að skyndilokunum var beitt vegna mjög hás hlutfalls smáfisks frá handfærabátum í strandveiðum. Þetta hefur þær afleiðingar að veiðisvæði lokast á þá sem ekki stunda slíkan veiðiskap.

Linni þessu ekki hlýtur LS að kanna hvort möguleiki sé á því að í stað þeirra aðferða sem beitt er í dag verði viðkomandi bátar sviptir veiðileyfi séu þeir ítrekað staðnir að því að leggjast í smáporsk.